

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás Reykjavík Reykjavík



Dags eftirlits	19.3.2015	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Hringrás Reykjavík	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Klettagörðum,	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4205981319	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ásmundur Einarsson	ÍSAT nr.	51.57.02
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhann Karl Sigurðsson	Staðsetning	360615,942 408599,18

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö eldri frávík eru í ferli vegna Hringrásar, Reykjavík og snúa þau að meðhöndlun jónískra reykskynjara og ráðstöfun þeirra og einnig að olía / fita reyndist yfir losunarmörkum í reglubundinni mælingu frá október 2013.

Þrjú ný frávík komu fram. Enn reyndist olía/fita í frárennsli vinnslunnar yfir losunarmörkum starfsleysisins auk þess sem blý var yfir mörkum. Skil á mælinganiðurstöðum vegna 2014 voru mjög sein og bærust niðurstöður ekki fyrir en í eftirlitinu. Einnig barst ársyfirlit um úrgangsmagn ekki fyrir 1. mars sl. eins og áskilið er í starfsleyfinu.

Úrbótaáætlun vegna efna í fráveitu skal skila til stofnunarinnar fyrir 27. mars nk. Ekki verða frekari eftirmál vegna seinna skila á gögnum þar sem þau hafa nú borist stofnuninni.

UMFANG EFTIRLITS

Samkvæmt úrsendri dagskrá skyldi eftirlitið felast í eftirfarandi:

1. Skoðun á eftirlitsskýrslum síðasta árs og frávíkum og stöðu þeirra.
2. Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi Hringrásar í Klettagörðum og hvort þeim sé mætt.
3. Skoðun á starfsemi

Á fundinum voru lagðar fram niðurstöður mælinga en sýnataka fór fram í október 2014. Olía/fita mældist yfir losunarmörkum í starfsleyfi og mældist 22 mg/L og einnig reyndist blý (Pb) yfir mörkum, mældist 0,114 mg/L. Aðrar niðurstöður mælinga voru undir losunarmörkum.

Fram kom á fundinum að starfsleyfið er í gildi til 1. nóvember 2017 og ekki er fyrirhugað að fara fram á breytingar á núgildandi starfsleyfi, hvorki vegna losunarmarkna fyrir blý né til þess að stækka starfsleyfið svo það nái líka til Kjalavogs 10.

Rekstraraðili hefur umhverfisstjórnunarkerfi en samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila mun ekki verða sótt um vottun á kerfinu alveg á næstu árum. Enn vantar nokkuð upp á að ISO 14001 eða sambærilegt vottað kerfi verði að veruleika.

Frávík í síðustu eftirlitsskýrslu snýr að lág-geislavirkum reykskynjum. Að meðhöndlun þeirra sé ekki í samræmi við reglugerð um raf- og rafeindatækjaúrgangur og WEEE tilskipunina. Einnig mældist olía/fita í frárennsli (sýni tekin í október 2013) yfir losunarmörkum. Í eftirliti var gefinn aukinn frestur til þess að skila áætlun um úrbætur, og hafa gögnin nú borist stofnuninni.

Varðandi skjátæki (raf- og rafeindatækjaúrgangur), þá hefur verið bannað að sturta úr gámum á vinnusvæði rekstraraðila. Samkvæmt nýjum upplýsingum er talið að 89 tonn af framgleri hafi verið urðað í Álfsnesi blandað öðrum úrgangi. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila fer nú allt gler frá vinnslu sjónvarpstækja til endurvinnslu erlendis. Áhugi er á að nýta gler í malbiksframleiðslu. Ef af því verður að tilraun verði gerð með það þá mun erindi þar um berast Umhverfisstofnun.

Spurt var út í endurvinnslu skjátækja að Kjalavogi 10, og kom fram að öll vinnsla sem fellur undir starfsleyfi um spilliefnavinnslu hefur verið flutt í aðstöðu fyrirtækisins að Klettagörðum. Fyrirhugað er að bæta við 400 fermetra vinnsluhúsnæði að Klettagörðum til þess að öll vinnsla raf- og rafeindatækja geti farið fram undir þaki á einum stað. Aðgerðir til að afmarka núverandi vinnusvæði með kantsteinum og þar með minnka afrennsli af svæðinu hafa farið fram. 4000 lítra söfnunarþró tekur við regnvatni af svæðinu og getur stöðvað efnaleka ef mengunaróhapp verður í vinnslunni. Engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti og engar kvartanir borist vegna rekstrarins.

Allur úrgangur er skráður en skráningarkerfi þarfnast uppfærslu þar sem vinnuseðlar eru handfærðir í tölvukerfi fyrirtækisins allt að viku eftir að efnin berast. Samkvæmt grein 3.1 í starfsleyfi á ársyfirlit yfir magntölur úrgangsefna sem unnin eru, endurunni og / eða fargað að berast Umhverfisstofnun fyrir 1. mars ár hvert. Í eftirliti sem fram fór 19. mars sl. lá þessi samantekt ekki fyrir en samantekt barst 20. mars sl.

Nú hófst skoðun eftirlitsaðila og var gengið um vinnuaðstöðuna með Ásmundi Einarssyni og Jóhanni Karli Sigurðssyni. Vinnsla á skjátækjum var í gangi og fer hún fram innanhúss. Mikið magn skjátækja beið meðferðar utandyra og ljóst er að aðstaðan er þröng og mikil þörf á nýju vinnuaðstöðunni. Einnig var skoðuð vinnuaðstaða við flokkun á rafhlöðum, stórum og smáum. Skoðaður var kantsteinn sem afmarkar spilliefnavinnsluna og virðist ljóst að 4000 lítra söfnunarþró er fljót að fyllast þegar rignir eins og gert hefur undanfarna mánuði. Söfnunarþró er tæmd yfir í olíuskilju sem tengd er öðrum athafnarsvæðum fyrirtækisins og þaðan fer frárennsli af vinnusvæðum í kerfi Orkuveitu

Frávik frá

Lýsing á fráviki

reglugerð nr. 1104/2008 um raf- og rafeindatækjaúrgang, viðauka II (n) um sérmeðhöndlun íhluta sem innihalda geislavirk efni.

Úrbótaáætlun skal berast Umhverfisstofnun fyrir 27. mars nk. og að henni samþykktri verða ekki önnur eftirmál út af þessu fráviki. Áætlunin hefur nú borist.

ákvæði 2.7 í starfsleyfi um losun olíu og fitu skuli vera 15 mg/L eða minni.

Olía og fita mældist **18 mg/L** í sýni frá í október 2013 og **22 mg/L** í október 2014.
Drög að úrbótaáætlun hefur nú borist Umhverfisstofnun. Stofnunin mun senda rekstraraðila tillögur að breytingum á henni og að henni samþykktri verða ekki frekari eftirmál út af þessu fráviki.

ákvæði 3.2 í starfsleyfi um eftirlitsmælingar

A.m.k. árlega skal mæla þá þætti sem tilteknir eru í grein 2.7 í starfsleyfi. Taka skal sýni fjórum sinnum á ári og mæla með tilliti til þátta sem mælast yfir 90% af þeim mörkum sem tiltekin eru í grein 2.7. Mælingar frá 2014 voru lagðar fram á fundi þegar komið var í eftirlit 2015 og verða því ekki eftirmál út af þessu.

ákvæði í grein 3.1 í starfsleyfi um skráningar

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda Umhverfisstofnun fyrir 1. mars ár hvert. Ársyfirlitið barst stofnuninni 20. mars sl. og verða því ekki eftirmál út af þessu fráviki.

Reykjavík, 25.03.2015



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.